

S A M Þ Y K K T

um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverzlana í Reykjavík, þ. á m. söluturna, svo og til brauð- og mjólkurbúða.

Um daglegan vinnutíma og önnur starfskjör fólks, sem vinnur í starfsgreinum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, fer eftir hlutaðeigandi kjarasamningum og venjum, er tíðkamt hafa í hverri grein.

Borgarstjórn getur með samþykki ráðherra ákveðið, að fyrirmæli þessarar samþykktar taki að nokkru eða öllu leyti til afgreiðslutíma annarra fyrirtækja, sem hafa bein viðskipti við almenning, t. d. rakarastofa, hárgreiðslustofa, ljósmyndastofa, viðgerðarverkstæða o. s. frv.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og benzínafgreiðslur. Ekki ná ákvæðin heldur til sjálfসাala, blaðasölu á götum, merkjasölu og annars slíks.

Ef ágreiningur ris um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar borgarstjórn það, að fenginni umsögn lögreglustjóra og Kaupmannasamtaka Íslands, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra, og er úrskurður hans endanlegur.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverzlana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni:

Virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00, og lokað skal þeim ekki síðar en kl. 18.00.

Á þriðjudögum og föstudögum skal heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 22.00.

Á laugardögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 12.00. Fyrsta laugardag í desember má þó halda sölustöðum opnum til kl. 16.00, en aðra laugardaga í þeim mánuði til kl. 18.00. Hinn 18. desember má halda verzlunum opnum til kl. 22.00, en sé 18. desember sunnudagur gildir sú regla 19. desember.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verzlanir opnar til kl. 24.00.

Borgarráð getur að fengnum tillögum lögreglustjóra heimilað, að sölustaður verði opnaður fyrr en segir í grein þessari.

3. gr.

Brauðbúðir mega vera opnar kl. 8.00—18.00 virka daga nema laugardaga, en þá skal lokað eigi síðar en kl. 16.00. Á sunnudögum og eins öðrum dögum, er taldir eru í B-lið 6. gr., skal lokað eigi síðar en kl. 16.00.

Afgreiðslutími mjólkurbúða skal vera hinn sami og afgreiðslutími almennra verzlana. Heimilt er þó að hafa þær opnar kl. 9.00—12.00 þá daga, sem um ræðir í B-lið 6. gr.

4. gr.

Borgarráð getur að fengnum tillögum lögreglustjóra og heilbrigðismálaráðs leyft, að vikið sé frá ákvæðum 2. gr., þegar um er að ræða söluturna og sambærilega sölustaði, þannig að þeir verði opnir til kl. 23.30 alla daga aðra en þá, er um ræðir í A-lið 6. gr.

Sölustaðir þeir, sem um ræðir í 1. mgr. skulu algerlega aðgreindir frá verzlun eða birgðageymslu verzlunar. Borgarráð getur ákveðið, að sala þar megi eingöngu fara um söluop.

Borgarráð setur að fengnum tillögum Kaupmannasamtaka Íslands sérstakan vörulista, þar sem tilgreint sé, hvaða vörur kemur til greina að selja megi á sölustöðum þeim, sem um ræðir í þessari grein.

Í hverju leyfi, sem veitt verður til rekstrar, skv. þessari grein, skal tekið fram, hvaða vörur af áðurnefndum lista heilbrigðismálaráð telur fært að leyfa þar til sölu með hliðsjón af aðstæðum. Á hverjum sölustað skal komið fyrir á stað, þar sem viðskiptamenn geta greinilega séð, skrá um það, hvað selja má á staðnum, og skal sú skrá staðfest af trúnaðarmanni ráðsins.

5. gr.

Borgarráð getur að fenginni umsögn heilbrigðismálaráðs heimilað, að verzlani, sem eingöngu selja heitar pylsur, smurt brauð, öl, gosdrykki, mjólk og vörutegundir innan þeirra marka, er um ræðir í 5. mgr. 4. gr., svo og verzlani, sem eingöngu selja neyzluís mega vera opnar alla daga, nema þá, sem um getur í A-lið 6. gr., sbr. C-lið sömu greinar.

Borgarráð getur og að fengnum meðmælum lögreglustjóra leyft, að slíkar verzlani verði opnar eftir kl. 23.30. Í leyfi skal þá tiltekið, hvenær loka skuli, svo og nánari skilyrði um umbúnað allan á hlutaðeigandi sölustað.

6. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

- A. Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
- B. Alla sunnudaga, nýársdag, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó undantekningar-ákvæði í 3.—5. gr.
- C. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 13.00.

7. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum skal heimilt, að fengnu samþykki heilbrigðismálaráðs, að selja sælgæti, tóbak, ís, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripí eða annað slíkt, sem eðlilegt telst að þar sé til sölu, utan þess tíma, er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

8. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verzlunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða þá menn, sem komnir eru í verzlun eða sölustað, þegar lokað er.

9. gr.

Lögreglustjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstaka ástæðu til, meðal annars þegar ákveðið er, að ágóði af sölu renni til almenningsheilla. Þá getur hann leyft tilteknum verzlunum afgreiðslu á vörubirgðum til skipa, hvenær sem er sólarhrings.

10. gr.

Borgarráð getur leyft rýmri afgreiðslutíma, þegar um er að ræða sölu á lifandi blómum, sölu á garðplöntum að vori til og sölu á jólatrjám og slíkum vörum í desembermánuði, svo og áþekka sölu, þar sem eðlilegt telst, að rýmri afgreiðslutími sé.

Það getur og leyft rýmri afgreiðslutíma, þegar um er að ræða minjagripaverzlanir.

Reglur um rýmri afgreiðslutíma skv. þessari grein skulu settar að fengnum tilögum Kaupmannasamtaka Íslands.

11. gr.

Fyrir leyfi, skv. 4. gr., skal greiða gjald í borgarsjóð, kr. 10 þúsund á ári. Gjald-dagi þess er 15. janúar ár hvert. Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi greiðslu-viðurkenningu, sem geyma ber á sölustað, yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Borgarráð getur veitt aðila, er rekur biðskýli fyrir strætisvagnafarþega í sam-bandi við söluturn, undanþágu frá greiðslu gjalds, skv. 1. mgr.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem borgarráð, heilbrigðismála-ráð eða lögreglustjóri setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga, eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, má borgarráð svipta leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má þá ákveða, að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykkt-inni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 17 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1971, með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 15. júní 1926, um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt er felld úr gildi samþykkt um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík frá 6. des. 1963, svo og samþykkt um breyting á henni frá 28. júlí 1964, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bág við hana.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Fylgiskjal.

Tillaga um vörulista skv. 3. mgr. 4. gr.

Sælgæti.
Súkkulaðikex alhúðað.
Tóbaksvörur.
Ól og goddrykkir.
Blöð og tímarit.
Ís, ískökur, íssósur.
Heitar pylsur.
Rafhlöður.
Skyndiplástur.
Blöðrur.
Flugeldar.

Saltstengur.
Salthnetur.
Öryggi.
Eldspýtur.
Dömubindi.
Rakblöð.
Sógleraugu.
Kort.
Frimerki.
Bolluvendir.
Spil.
Greiður.
Hárlakk.
Hárkrem.
Filmur.
Stílabækur, reiknibækur, blýantar.
Vinnuvettlingar.
Rakspíritus.
Raksápa.
Sokkar.
Sokkabuxur.
Kaffi.

Nr. 138.

28. júlí 1971.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningagjafasjóð Kvenfélags Hreyfils, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. júlí 1971.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningagjafasjóð Kvenfélags Hreyfils.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningagjafasjóður Kvenfélags Hreyfils.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fjárhagslega ekkjur og börn bifreiðastjóra á Hreyfli.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00, sem gefnar eru af Rósu Sveinbjarnardóttur til minningar um eiginmann sinn Helga Einarsson.

4. gr.

Tekjur sjóðsins er hagnaður af sölu minningarkorta, svo og gjafir og áheit er sjóðnum kunna að berast.

5. gr.

Tekjur sjóðsins svo og vextir skal leggja óskert við höfuðstól, þar til hann hefur náð kr. 100 000.00. Má þá veita úr honum alla ársvexti. Þegar sjóðurinn hefur náð